Lykiltölur – Skráð atvinnuleysi - Apríl 2008

Skráð atvinnuleysi í apríl var 1% eða að meðaltali 1.717 manns. Þetta er sama hlutfall og í fyrra mánuði þrátt fyrir að fjöldi þeirra sem eru skráðir atvinnulausir sé heldur meiri eða sem nemur um 43 manns.



- Milli mánaða er breyting á atvinnuleysi lítil sem engin. Þetta er ólíkt því sem gjarnan gerist á vorin þegar árstíðabundin sveifla í efnahagslífinu veldur því að atvinnuástand batnar. Þó verður að hafa í huga að atvinnuástandið var gott fyrir og varla við því að búast að það batni mikið umfram það.
- Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði atvinnulausum um 54 en fækkaði um 11 á landsbyggðinni. Mest var fækkunin á Norðurlandi eystra (14 manns). Líkt og undanfarna mánuði þá er ástandið nú einna verst á Suðurnesjum og Norðurlandi eystra. Atvinnuleysi á landsbyggðinni er tiltölulega háð árstíðasveiflu (minnst á sumrin, mest yfir veturinn) en atvinnuleysi á höfuðborgarsvæði háðara efnahagsaðstæðum.
- Alls var 401 erlendur starfsmenn skráðir inn á vinnumarkaðinn í apríl eða 57 færri en í fyrra mánuði og 93 fleiri en í sama mánuði í fyrra. Af þeim sem bættust við nú koma 353 frá nýjum ríkjum evrópska efnahagssvæðisins og 48 utan þess.
- Atvinnuleysi er sérstaklega áberandi meðal verkafólks en einnig meðal þjónustu- og verslunarfólks. Verkafólk er um 14% af vinnuaflinu en 37% af atvinnulausum. Þjónustu- og verslunarfólk er um 21% af vinnuaflinu en 28% af atvinnulausum. Skrifstofufólk er um 7% af vinnuaflinu en 9,5% af atvinnulausum.
- Atvinnuleysi er lítt áberandi meðal stjórnenda, sérfræðinga, sérmenntaðra starfsmanna, iðnaðarmanna, sjómanna og bænda. Stjórnendur, sérfræðingar og sérmenntaðir um 42% af vinnuaflinu en aðeins 17% af atvinnulausum. Iðnaðarmenn, sjómenn og bændur eru 16% af vinnuaflinu og 9% af atvinnulausum.
- Atvinnuleysi er nátengt menntun. Þannig er fólk sem aðeins hefur grunskólapróf um 35% af vinnuaflinu en 65% af atvinnulausum. Þeir sem eru með framhaldsnám eru um 44% af vinnuaflinu en 24% af atvinnulausum. Þeir sem eru með háskólamenntun eru um 21% af vinnuaflinu en aðeins 11% af atvinnulausum.

➢ Upplýsingar um atvinnuástand eru uppfærðar á vef ASÍ: www.asi.is - Samfélagið - Atvinnumál